



Efnahags- og skattanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (211. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að heimilt verði að færa til innskatts á VSK skýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins sep-okt. þó aðeins hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi verið skilað.*

Viðskiptaráð fagnar þessu frumvarpi enda lá orðið ljóst fyrir að nýting heimildar til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum myndi ekki borga sig ef aðeins væri heimilt að innskatta þann hluta virðisaukaskattsins sem var gjaldfallinn og greiddur. Ráðuneytið á hrós skilið fyrir hröð handtök í þessu máli.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs